

firði 7. nóvember 2021

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Í ljósi nýrrar reglugerðar um sóttvarnir er ljóst að **grímuskylda** er aftur orðin að veruleika. Við biðjum því alla nemendur um að koma með grímu í skólann frá og með morgundeginum, **mánudaginn 8. nóvember**. Einnig verður hægt að fá grímu við alla helstu innganga og á skrifstofu skólans en **best er ef nemendur nota sína eigin grímu, helst fjölnota**. Þannig hugum við best að umhverfi okkar og verndum náttúruna. Athugið að **heimilt er að taka grímuna niður í kennslustund**, eða eftir að sest hefur verið í sæti. Einnig er heimilt að taka hana niður í matsal skólans.

Búið er að birta próftöfluna og fer fyrsta lokaprófið fram mánudaginn 6. desember. Nemendur geta einnig sótt **um sérúrræði í prófum**, s.s. að vera í fámennri stofu, fá aðstoð talgervils eða taka próf í tölvu. **Skilyrði** þessa eru þær **greiningar** nemenda sem fyrir liggja hjá nemenda- og kennsluráðgjafa. Sótt er um í Innu, skrá sérúrræði – neðarlega í hægri valmynd og er **umsóknarfrestur til 21. nóvember**.

Fyrirhugað er að halda **námskeið vegna prófkviða** í nóvember og verða þau auglýst nánar síðar. Einnig vil ég minna á **ritver** skólans þar sem nemendur geta fengið aðstoð með heimavinnu sína, sjá opnunartíma á heimasíðu skólans, og **raungreinaver alla þriðjudaga** – ókeypis aukatíma í stærðfræði og raungreinum, strax að kennslu lokinni.

Boðið verður upp á **fræðsluerindi um lesblindu** fimmtudaginn 18. nóvember en þá kemur Sylvía Erla Melsted til okkar í hádeginu og segir frá því hvernig hún lét lesblinduna ekki stoppa sig í námi. Sylvía Erla hefur m.a. gert heimildamynd um lesblindu og skrifað bók þar sem hundurinn Óreó gegnir lykilhlutverki og er hreint út sagt magnað að heyra Sylvíu Erlu lýsa námstækni sinni og elju í námi. **Erindið er opið öllum og fer fram á bókasafni skólans.**

Að lokum þetta: Það er stutt eftir af önninni og því mikilvægt að við höldum áfram að fylgja vel öllum **reglum um sóttvarnir**; bera grímuna allsstaðar í skólahúsnæðinu, þvo hendur vel og spritta og passa upp á eins meters regluna. Þannig tekst okkur vonandi að ljúka önninni í húsi.

Gangi ykkur vel og farið varlega.

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is

S: +354 565 0400/694 7594



HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022